



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 26.10.2016, kl. 17:00

Mættir: Sigurður Bjarnason, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir: Þorsteinn Þorbergsson,

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð seinasta stjórnarfundar
Niðurstaða: fundagerð samþykkt
2. Staða á innheimtu æfingagjalda í Barna- og unglíngastarfi deildanna
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu innheimtu æfingagjalda í barna- og unglíngastarfi deildanna. Innheimtan gegnur nokkuð vel en ennþá vantar eitthvað um skráningar í eldri flokkum í knattspyrnu, handbolta og körfubolta og hefur framkvæmdastjóri hitt yfirþjálfara allra deildanna til að fara yfir það með þeim.
Æfingagjöld og launakostnaður deildanna yfir tímabilið var einnig tekin saman til að sjá hvernig fjárhagsstaða deildanna liti út miða við skráningu og farið var yfir það með yfirþjálfurum og einnig sent á formenn deildanna og formenn Barna- og unglíngaráðs til upplýsinga.
3. Uppsögn á samningi við þjálfara mfl. í blaki.
Stjórn blakdeildar Stjörnunnar í samráði við framkvæmdastjóra ákvað að segja upp samningi við Podkopayev Volodymyr vegna samskiptaörðuleika. Öll mál hafa verið gerð upp milli félagsins og viðkomandi þjálfara.
4. Uppfærsla á siðareglum félagsins
Framkvæmdastjóri lagði til viðbót í siðareglur félagsins sem varða samskipti á samfélagsmiðlum.
Niðurstaða: breytingarnar voru samþykktar
5. Beiðni um úthlutun úr afrekssjóði frá Lyftingadeild
Beiðnin var tekin til umræðu.
Niðurstaða: Beiðninni var hafnað á þeim forsendum að sá grunnkostnaður sem afrekssjóður er byggður á og úthlutað eftir er ekki til hjá deildinni eða liggur ekki fyrir.
6. Endurnýjun samninga við Garðabæ
Framkvæmdastjóri fór yfir fund með bæjarstjóra og bæjarritara þann 5.sept þar sem áherslubreytingar sem Stjarnan stendur frammi fyrir vegna vaxtaverkja í starfi voru kynntar.



Framkvæmdastjóri fór einnig yfir fund sem hann og Sigurður Bjarnason sat með ÍTG þann 26.okt um sama málefni og einnig hækkun æfingagjalda.

Sigurður Bjarnason kynnti svo næstu skref í samningaferlinu en framkvæmdastjóri, formaður og ritari aðastjórnar sem annast hafa samningaviðræðurnar munu hitta meirihluta bæjarstjórnar á næstu dögum til að kynna hugmyndir Stjörnunnar fyrir þeim.

fundi var slitið kl. 18:40, Ritað ÁÍP